Samiðn
SAMBAND IÐNFÉLAGA

**Áskorun sambandsstjórnar Samiðnar til Alþingis um keðjuábyrgð og kennitöluflakk**

Sambandsstjórn Samiðnar fagnar áformum ríkisstjórnarinnar að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að innleiðingu ákvæða um keðjuábyrgð og aðgerðum gegn kynbundnum launamun, félagslegum undirboðum, mansali og kennitöluflakki.

Sambandsstjórnin skorar á Alþingi að lögbinda ákvæði um keðjuábyrgð og varnir gegn kennitöluflakki á komandi vorþingi.

Sambandsstjórnin ítrekar þá stefnu sína að keðjuábyrgð eigi að ná til alls vinnumarkaðarins.

Reykjavík, 12. janúar 2018

F.h. sambandsstjórnar,

______________________________

Hilmar Harðarson,
formaður Samiðnar


Borgartúni 30 – 105 Reykjavík – Sími 5356000 – Fax 5356020 – Kt. 650593-2009 – Netfang: postur@samidn.is – Veffang: www.samidn.is